

## Greinasafn í tengslum við 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi 2011

### Er húsfriður ein mannarættur?



#### ***Margrét Steinarsdóttir – Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands***

Spurningin útleggst á íslensku sem „Er heimilisfriður mannréttindi?“ Kvinnuhúsið í Færeyjum, sem er athvarf fyrir konur og börn sem búa við ofbeldi á heimilum, spurði þessarar spurningar fyrir nokkrum árum í auglýsingaherferð gegn kynbundnu ofbeldi. Spurningunni má hiklaust svara játandi. Þótt skammt sé liðið síðan litið var á ofbeldi í nánnum samböndum, oftast karla gegn konum sínum og jafnvel börnum, sem einkamál, er nú almennt litið svo á að ríki beri samfélagslega ábyrgð gagnvart þeim glæp sem ofbeldi á heimilum er. Í ljósi þess að ríki hafa tekið á sig alþjóðlegar skuldbindingar til að tryggja að allir borgarar fái notið mannréttinda ber þeim að vinna gegn kynbundnu ofbeldi. Allir geta verið sammála um það að ef konur búa við stöðuga ógn og ótta við ofbeldi af hálfu maka sinna, þá fá þær ekki notið sinna mannréttinda, hverju nafni sem þau nefnast. Það á þó ekki síst við rétt til friðhelgi heimilislífs og til þess að þurfa ekki að sæta pyntingum. Margir hafa orðið til þess að líkja ofbeldi á heimili við pyntingar og vísa í því sambandi til alþjóðlegra skilgreininga á pyntingum og ómannlegri og lítilsvirðandi meðferð. Það að ofbeldið fer fram á heimili, gegn öðrum heimilismönnum, dregur enda hvorki úr alvarleika þess eða áhrifum, né leggur það ríkjum öðruvísi skyldur á herðar en hvað varðar annars konar ofbeldi og vernd mannréttinda. Á Íslandi hafa stjórnvöld leitast við að mæta skyldum sínum, m.a. með gerð aðgerðaáætlunar vegna ofbeldis karla gegn konum í nánnum samböndum. Enn er þó langt í land í baráttunni gegn slíku ofbeldi og árangur næst ekki nema allir leggist á eitt, jafnt stjórnvöld sem við öll sem byggjum þetta samfélag.

## Saman erum við STERK gegn vændi



### ***Kristbjörg Kona - STERK, samtök gegn mansali***

Þrátt fyrir að langflestir karlmenn kaupi aldrei vændi er vændismarkaðurinn stór hér heima og erlendis. Norrænar rannsóknir sýna að 14% danskra karla og 13% norskra karla 18 ára og eldri kaupi eða hafi keypt vændi einhverntímann á ævinni. Svipaðar tölur voru einnig í Svíþjóð áður en Svíar bönnuðu vændiskaup 1999. Engin íslensk rannsókn hefur verið gerð á umfangi vændisкупа hér á landi. Þó er að finna vísbendingu í rannsókn sem Landlæknisembættið lét gera um alnæmi á Íslandi 1991. Þar var fólk spurt hvort það hefði sofið hjá manneskju sem selur sig. 16% karla höfðu gert slíkt.

Viðhorf alþjóðasamfélagsins til vændis hefur breyst mikið undanfarin ár vegna aukinnar vitundar um mansal og órjúfanleg tengsl þess við vændi. Mansal getur nefnilega ekki þrífist nema til sé markaður fyrir vændi, klám og hverskonar kynlífsþjónustu. Rannsóknir á vændi á Norðurlöndunum síðustu 50 árin hafa leitt í ljós að þeir sem stunda vændi gera það í langflestum tilfellum af neyð. Miklar líkur eru á því að einstaklingar í vændi verði fyrir ofbeldi, niðurlægingu og þeir festast oft í skipulagðri glæpastarfsemi þar sem réttindi þeirra eru virt að vettugi.

Í gegnum tíðina hefur umræðan um vændi snúist um vændiskonuna og að það sé hún sem skapi vandamálið og tæli kaupandann. Með aukinni þekkingu á málaflokknum hefur umræðan snúist meira og meira að vændiskaupandanum sem vinnuveitandi vændis, sá sem skapar vændi og heldur því við.

Rannsóknir sýna okkur að kaupendur vændis eru nær eingöngu karlar og að þeir kaupi vændi af mörgum ólíkum ástæðum. Rannsóknir í Noregi og Danmörku benda til þess að þeir sem kaupa vændi að staðaldri missa yfirleitt áhugann á konum sem ekki eru í vændi. Almenn

virðing fyrir konum og réttindum þeirra minnkar og vændiskaupendur eru mun líklegri til að beita maka sína ofbeldi. Rannsóknir frá Bretlandi sýna að því yngri sem kaupendur eru þegar þeir kaupa vændi í fyrsta skiptið, því líklegra er að þeir verði háðir vændiskaupum.

Norrænar rannsóknir sýna að langstærsti hluti vændiskaupenda kaupir vændi einu til þrisvar sinnum. Nýleg dönsk rannsókn sýnir að 80% þeirra sem hafa keypt vændi í Danmörku, gera það vegna þess að „ það var eitthvað sem þeir urðu að prófa “. Þessir vændiskaupendur hætta því að vændið stendur ekki undir væntingum þeirra. Þessi kúnnahópur, „fiktarnir“, er gríðarlega stór og er óhætt að segja að í krafti fjölda síns séu þeir undirstaða vændismarkaðsins.

Margir vilja meina að það sé ógerlegt að útrýma vændiskaupum og því sé engin ástæða að reyna. Því fer fjarri lagi. Vændiskaupendur eru nágrannar þínir, besti vinur þinn, pabbi þinn, bróðir eða einhver sem þú metur mikils. Þeir kaupa sér vændi af mörgum ólíkum ástæðum, en það sem þeir eiga sameiginlegt er að þeir hafa litla sem enga fræðslu fengið um raunverulegt eðli vændis og afleiðingar þess. Samfélagið segir þeim að vændi sé elsta starfsgrein í heimi og það sé ekkert sem þeir geti gert til að breyta því. Karlmennt eru þannig eru gerðir ábyrgðarlausir á gerðum sínum.

Með vændiskaupum sínum viðhalda karlmenn eftirspurn eftir kynlífi fyrir peninga og skipulögðum markaði af fólki til sölu, oftast konum og börnum. Beint framhald af því er svo mansal þar sem hundruð þúsundir kvenna og barna ganga kaupum og sölum aðeins til þess að ákveðnir karlar fái að svala hvötum sínum og forvitni.

Nýleg lög sem banna kaup á vændi eru til mikilla bóta. Þau eiga að koma í veg fyrir að Ísland verði ákjósanlegur áfangastaður fyrir skipuleggjendur mansals, þau færa ábyrgðina yfir á vændiskaupandann og þau kenna næstu kynslóðum ný gildi. Þessi lög gefa skýr skilaboð um að fólk eigi ekki að vera til sölu. Vöntun á eftirfylgni, fjármagni í fræðslu, forvarnir og rannsóknir hjá m.a. lögreglu leiða þó til þess að lögin eru enn sem komið er bitlaus og skila ekki áætluðum tilgangi.

Fáfræði og áhugaleysi vinnur gegn framförum. Við getum dregið úr vændiskaupum með því að breyta hugarfarinu gagnvart vændi, fólki í vændi og svo vændiskaupendum. Við þurfum að taka ábyrgð á því viðhorfi sem hefur ríkt gagnvart vændi. Við þurfum að dusta rykið af réttlætiskennd okkar, fræða og treysta fólki til að taka upplýsta afstöðu um vændiskaup. Við þurfum forvarnir og fræðslu í skólanna þar sem ungu fólki er veitt mótvægi við klámvæðinguna sem einkennir samfélag okkar.

STERK – forvarnamiðstöð stendur nú fyrir myndbandasamkeppni þar sem leitað er að forvarnarmyndbandi sem stuðlar að upplýstri umræðu um vændiskaup og mansal á Íslandi og þar sem sjónum er beint að vændiskaupendum. Markmið er því að fækka vændiskaupum á Íslandi. Skilafrestur er 10. desember og tvenn verðlaun verða veitt, 300 þúsund krónur og 400 þúsund krónur. Áhugasömum er bent að skoða heimasíðu STERK, [www.sterk.is](http://www.sterk.is).

## Um „sanna“ karlmennsku



### ***Pétur Hjörvar Þorkelsson - nemi við HÍ***

Í byrjun árs fór ég í ræktina, nokkrum kílóum of þungur, með ipodinn stútfullan af fyrirlestrum frá ýmsum þeim frumkvöðlum sem vefsíðan TED ([www.ted.com](http://www.ted.com)) hefur upp á að bjóða, ákveðinn í að læra eitthvað. Auk þess að læra það að líkamsræktar landsins eru troðfullar í janúar þá hlustaði ég á einn magnaðasta fyrirlestur sem ég hef nokkurn tímann heyrt og lærði í framhaldið á honum dýrmæta vitneskju. Ég hef hlustað á hann reglulega síðan, hugsað mikið um og kynnt mér boðskapinn og minnst á hann í spjalli við mann og annan.

Um hvað snýst svo þessi magnaða uppgötvun mín sem ég bara varð að deila með sem flestum? Grunnhugtakið sem Tony Porter, aktívisti og kennari, fjallar um í fyrirlestri sínum „A Call To Men“, er, jú mikið rétt (skaðleg) karlmennska. Hann vill meina að meirihluti karla sé fastur í því hugarfari að sjá karlmennsku aðeins frá ákveðnu sjónarhorni þess sem hann kallar “karlakassann”. Nú má vel vera að við Íslendingar séu komnir lengra í jafnréttisbaráttunni heldur en Tony og félagar hans í Bandaríkjum Norður Ameríku, en flest atriði karlakassans eiga líka við hugarfar marga íslenskra karlmanna.

Ég fer hægt í að lýsa orðum öflugs ræðumanns á blaði, enda verkefni fyrir betri penna en mig, ég mæli því eindregið með því að allir sem lesi þetta kíki á fyrirlesturinn; ellefu mínútur og fjörutíu sekúndur er erfitt að nýta betur. Ég ætla samt að halda áfram að selja þetta myndband enda er frekar auðvelt að heimfæra marga þá punkta sem Tony kemur með yfir á íslenskt samfélag.

Hugmyndir karlakassans segja að karlmennska sé það að karlmenn þurfi að vera sterkir, sýna engar tilfinningar, með reiði sem undantekningu og alls ekki hræðslu. Karlar ráða því þeir eru sterkir, annað en konur, karlmenn laðast ekki að öðrum körlum, konur eru hlutir, sérstaklega kynferðislegir hlutir. Nú er ég alls ekki að segja að þetta sé sameiginleg sýn allra karlmanna á Íslandi, en fyrirmyndir yngri (og eldri jafnvel?) kynslóðarinnar eru oft mjög vafasamar, ekki að þær séu þó eina rót vandans. Það sem ég tengi sérstaklega við karlakassann á Íslandi er málefni sem plötusnúðurinn Margeir St. Ingólfsson fjallaði um í grein sinni í Fréttablaðinu fyrr á þessu ári sem hluti af Öðlingsátakinu. Hann fjallaði um þá venju að nota konur og kvenlega eiginleika sem skammaryrði. Nú er ég enginn öðlingur, en sé vel að eftirfarandi skammir er ekki ætlað að gefa góða mynd af þeim sem talað er um: „Vertu ekki svona mikil kerling!“, „Ertu faggi?“, „Hagaðu þér eins og maður!“

Það sem situr hvað mest í mér af mörgum eftirminnilegum punktum fyrirlestrarins er spurning fyrirlesarans til ungs fótboltakappa. Fyrirlesarinn spurði hann: „Hvernig myndi þér líða ef þjálfarinn myndi kalla þig stelpu fyrir framan alla hina strákana?“, líkt og ég bjóst spyrjandinn við tiltölulega slæmu svari á borð við; „Mér myndi líða frekar illa“ eða „...það yrði leiðinlegt“. Svar drengsins var hins vegar; „Það myndi rústa mér“.

Hvað er samfélagið að kenna ungum strákum sem sjá ekkert verra en að vera stelpur? Ég eftirlæt hverjum og einum að svara fyrir sig sjálfan.

## Sniðugar nauðganir



### ***Sæunn Ólafsdóttir - B.A. í spænsku og bókasafnsfræði***

Fyrir mörgum árum var ég skiptinemi við háskóla í Madrid þar sem ég bjó í tæpt ár. Eitt sinn var mér boðið á kynningarkvöld á skemmtistað í miðborginni þar sem ætlunin var að skiptinemarnir hittust og kynntust betur. Allir fengu afhenta stóra límmiða með nafni og heimalandi til að líma á bringuna. Við drukkum og ræddum heimsmálin, dönsuðum og skemmtum okkur þangað til fleira fólk tók að fylla skemmtistaðinn. Hópurinn minn hafði tvístrast en ákveðið að hittast á bar neðar í götunni. Ég ákvað að bregða mér fyrst á salernið. Það var upptekið. Á meðan ég beið á ganginum fóru framhjá mér þrír menn í hóp. Sá fremsti þeirra gjóaði á mig augunum þegar hann gekk hjá, staðnæmdist og sneri aftur til mín.

-*Islandia?* spurði hann og studdi vísifingri á límmiðann á bringunni á mér.

Ég kinkaði kalli. Hann þagði og starði glottandi á mig svolitla stund. Félagar hans stóðu þögulir hjá.

-Finnst þér gott að ríða? spurði hann á spænsku. Ég stirðnaði. Gat verið að ég hefði heyrt rétt? Var hann virkilega að spyrja að þessu? Ég svaraði engu. Vinirnir flissuðu.

- **Finnst - þér - gott - að - ríða?** spurði hann aftur. Hann glotti ekki lengur. Hann talaði hátt og ógnandi og lagði áherslu á hvert orð með því að pota í bringuna á mér. Ég skrælnaði í munninum af stressi. Hann minnti mig á hákarl.

Ég ákvað að bíða ekki lengur eftir salerninu en snerist á hæli í leit að félögum mínum sem reyndust hvergi sjáanlegir. Hákarlinn elti í hæfilegri fjarlægð og vinum hans fjölgaði um tvo. Hann benti þeim á mig. Þegar hann sá mig horfa í átt til þeirra greip hann um klofið á sér og fór hamförum í leikrænum tilburðum. Vinum hans fannst hann brjálæðislega fyndinn. Í örvæntingu æddi ég á milli hæða í leit að kunnuglegu andliti. Hákarlarnir eltu. Einn birtist skyndilega fyrir framan mig og sagði eitthvað um brjóstin á mér. Annar setti vísifingur og löngutöng upp að andlitinu og rak tunguna á milli. Ég komst að þeirri óhugnanlegu niðurstöðu að vinir mínir hefðu farið án mín. Ég yrði að sæta lagi. Þegar ég missti hákarlana úr augsýn eitt augnablik stökk ég út um dyrnar og hraðaði mér á barinn neðar í

götunni. Ég var með hjartslátt og ég skalf. Þetta var ekki löng ganga, en þegar ég var hálfnuð heyrði ég kallað á eftir mér.

- „Hei! *Islandia!* Stoppaðu! Við þurfum að tala við þig!“ Ég leit við og sá að hákarlarnir voru komnir út. Ég tók á sprett og hljóp sem fætur toguðu niður þrönga götuna. Þeir nálguðust hratt en ég hafði sem betur fer forskotið sem þurfti. Ég komst inn á barinn áður en þeir náðu mér. Máttlaus og skjálfaði af ótta lyppaðist ég niður á stól hjá nokkrum vinum mínum sem voru uppteknir í sínu skvaldri. Hákarlarnir eltu mig ekki inn, en ég get ekki hugsað til enda hvað hefði gerst ef þeir hefðu náð mér.

Þetta löngu liðna atvik rifjaðist upp fyrir mér þegar ég varð vör við umræðu um umdeilda fésbókarsíðu sem bar einmitt yfirskriftina: „You know she’s playing hard to get when your chasing her down an alleyway“. Þar höfðu nauðgarar og nauðgaravinir fundið sér athvarf. Fésbók þráaðist við að loka síðunni því hún var bara grínsíða. Það er nefnilega það. Ef mennirnir sem eltu mig þarna um árið hefðu verið spurðir hvað þeim hefði gengið til með því að atast svona í mér er ég einmitt nokkuð viss um að þeir hefðu sagst vera að grínast. Og þeir hefðu auðveldlega komist upp með þá skýringu. „Strákar verða alltaf strákar“ er viðkvæðið, þeir yppta öxlum og halda áfram að grínast. Og einhvers staðar fengu þeir þá hugmynd að þetta væri í lagi.

Nýlega kom út ferðahandbók þar sem íslenskum konum er enn á ný lýst sem „lauslátum yfir meðallagi“ og gefur höfundur karlkyns ferðamönnum vafasöm ráð um hvernig megi stofna til skyndikynna með þeim. Þar skipaði höfundur sér í fjölmennan hóp manna sem hafa látið sér detta í hug að misnota og græða peninga á frjálslyndu viðhorfi íslenskra kvenna til kynlífs.

Menning okkar hefur á furðulegan hátt hrært saman hugmyndum um skemmtun, kynlíf, ofbeldi og konur í óskiljanlegan graut sem síðan er óspart notaður til að selja vörur og afþreyingu. Grautnum er smurt yfir félagslegu mörkin sem skilja rétt frá röngu svo að enginn veit lengur hvar gamanið endar og ofbeldið byrjar.

Konur njóta kynlífs. Um það þarf enginn að efast. Kynfrelsi kvenna er hins vegar þeirra einna að ráðstafa. Konur njóta kynlífs á sínum eigin forsendum, ekki forsendum þeirra sem vilja selja eitthvað drasl. Að markaðssetja konur líkt og hluti eða veiðibráð, sneidda sjálfstæðum vilja eða neitunarvaldi er ekki einungis aðför að kynfrelsi þeirra. Það er beinlínis stórhættulegt.

## Friðarreglan: særið engan



### *Gunnar Hersveinn - heimspekingur*

Hvar sem mannshjartað slær, hversu illa sem lífið leikur það, er eitt sem það þráir að forðast: ofbeldi. Þessi ósk hefur, þrátt fyrir allt, búið í hjarta mannkyns frá ómunatíð.

Það dýrmætasta í lífinu er oftast falið í innan um hversdaglega hluti. Það er hulin fegurð, ekkert þrjál og skraut. Fólk líður hjá og enginn tekur eftir því nema sá sem hefur hugrekki til að loka augunum. Hið dýrmæta er á mörkunun.

Saga ofbeldis er saga kúgunar, ofstækis og ofríkis þeirra sem vilja græða, öðlast völd, eignast land, drottna. Þetta er skelfileg saga sem greint er frá í smáatriðum sögubókum, saga sem of oft verður hetjusaga í túlkun söguritara. Þetta er saga sem á sér fyrirmyndir í goðsögnum og stríðshetjum líkt í grískri og norrænni goðafræði. Svo stríðsglöðum goðum að þær lögðu jafnvel andstæðingum sínum lið eða egndu saman vinum. Það þekkjum við einnig úr sögu nútímavopnasölu og stríðsstuðningi stórvelda við geðsjúka einræðisherra.

Hvað sem þeir heita allir þessir ofbeldisfullu leiðtogar þjóða og hryðjuverkasamtaka allra tíma: hættum að minnast þeirra. Til er annar hópur kvenna og karla sem fátt er um skrifað þrátt fyrir þrekvirki þeirra og mannraunir til að koma í veg fyrir ofbeldi, stríð, kúgun og dauða og með því að skapa frið.

### **Hverjar eru útlínur friðarins?**

Til er regla sem kalla má meginreglu í mannlegum samskiptum. Reglan lætur lítið yfir sér. Hún er hljóðlát, ekki ákøf eða frek. Hún hrópar ekki á torgum undir lúðrablæstri, stærir sig ekki, krefst ekki fylgis og refsar ekki en hefur kraft til að láta hönd hefndar og ofbeldis síga. Nafn hennar er friðarreglan og hún hljómar svona: særið engan.



Hún fer ekki í manngreinarálit, hún gildir óháð stétt, búsetu, stöðu, kyni, uppruna og öðru sem sett er fram til aðskilnaðar. Hún er grunnregla mannréttinda. Hún bindur ekki, hún skerðir ekki frelsi, hún kveður aðeins á um ein mörk. Hún segir ekki hvað fólk á að gera, heldur aðeins hvað það megi ekki gera. Hún setur ein mörk, eitt bann.

Hún er sagnarandinn í brjóstinu sem hvetur fólk aldrei til eins eða neins heldur letur það og varar við: ekki gera þetta, hvað sem á dynur, ekki slá, ekki berja, ekki hóta, ekki drepa. Reglan er svo djúp og forn að hún er handan siðfræði og lögfræði. Hún er grunnstoð án undantekninga. Hún er friðurinn, jafnt friðurinn á heimilinu sem heimsfriðurinn í hjartanu.

Siðfræðingur getur fundið undantekningu á friðarreglunni í formi sjálfsvagnar og dómari gilda réttlætingu fyrir broti á reglunni – reglan sjálf verður þó ekki numin úr gildi. Verkefnið er að læra regluna og kenna hana, ekki að vopnbúast heldur friðvæðast.

Réttlætið fylgir aldrei ofbeldi og kúgun. Í grískri goðsögn er friðurinn gyðja sem á tvær systur: gyðju réttlætis og gyðju viturlegra laga – og segir fátt af þeim enda hófstílltar og í þeim brennur hvorki heift og reiði. Þar sem þær fara um eru blómlegir akrar en ekki sviðin jörð.

Særið engan er friðarreglan. Tákn hennar er ekki hávaxin gyðja og herðabreið með skjöld og sverð á lofti. Ekki nakin fegurðardís sem rís upp úr skel, ekki móðirin með ungbarnið. Tákn hennar er konan sjálf án allra hlutverka – hið kvenlæga. Hún skilgreinist ekki af stríði og hún merkir ekki stríðslaust ástand eða vopnahlé eins og flestallir heimsleiðtogar virðast telja.

Ef reglunni er fylgt þróast friðarmenning. Reglan er mild og þekkist á því að sá sem virðir hana vinnur lífinu ekki mein, heldur skapar ró og næði, öryggi. Slíkur friður er sprottinn af kærleika og gleði og er meira en óljós tilfinning. Föruneyti hennar vinnur ævinlega með lífinu og aldrei gegn því.

### **Dyggðir friðarreglunnar**

Tákn friðarreglunnar getur einnig verið regnbogi, dúfa, blóm, hringur eða silfur því hún er stundum kölluð silfurreglan í mannlegum samskiptum. Gyllta reglan kveður á um frumkvæði til að gera öðrum gott en silfurreglan er um mörk friðsemdar og ofbeldis: ekki gera öðrum það sem þú vilt ekki að aðrir geri þér. Friðarreglan er jafnframt kjarni frelsisreglunnar víðkunnu um að setja einstaklingum einungis þau mörk: að valda ekki öðrum tjóni.

Það krefst hugrekkis að velja regluna um friðinn: að nema staðar og hlusta á innri rödd mannshjartans, röddina sem velur lífið. Friðarreglan er friðarsúlan, ekki aðeins í Viðey heldur á öllum eyjum, heimsálfum og landamærum. Hún sendir hljóðlát skilaboð út um allan heim, hvar sem ógnarhönd ætlar að reiða til höggs, hvar sem kúgun á sér stað. Hún er skilyrðislaus beiðni um líf án ofbeldis. Hljóðlaust ljós sem flæðir um loftin.

Þær dyggðir sem þarf að efla til að friðarreglan verði okkur töm eru virðing, hófsemi og kærleikur.

## Heimilisfriður



### ***Petrína Ásgeirsdóttir - framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi***

Heimili á að vera griðastaður barna, staður þar sem þau finna til öryggis, líður vel og njóta uppbyggilegra samvista við sína nánustu. Stærstur hluti barna á Íslandi býr við þær aðstæður en ætla má að a.m.k. tvö þúsund börn hér á landi njóti ekki þessara sjálfsögðu mannréttinda. Það eru börnin sem eru vitni að ofbeldi innan veggja heimilis, oftast af hálfu föður eða stjúpa gegn móður. Það er erfitt að segja nákvæmlega til um fjölda þessara barna, einfaldlega af því að aðstæðum þeirra hefur ekki verið gefinn mikill gaumur. Talan tvö þúsund byggir á þeim fjölda kvenna sem leitað hafa sér hjálpar vegna ofbeldis af hálfu maka og áætlun um að hver þeirra eigi eitt til tvö börn.

Í byrjun árs 2011 kom út rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á félagslegum stuðningi og úrræðum við börn í Reykjavík, sem eru vitni að heimilisofbeldi. Meðal þess sem rannsóknin leiddi í ljós er að mikill skortur er á almennum úrræðum og þjónustu fyrir börn og fjölskyldur, sem þurfa á stuðningi og aðstoð að halda vegna ofbeldis í fjölskyldum.

Brýnt er að auka vitund þeirra sem starfa með börnum á því að barn geti búið við heimilisofbeldi og sérstaklega þarf að skoða málin frá sjónarhorni barnsins. Núverandi nálgun, sem m.a. má finna stað í aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda gegn ofbeldi á heimilum, miðar að því að kenna fagfólki að bera kennsl á einkenni barna sem búa við ofbeldi. Sú nálgun er ekki líkleg til árangurs, að mati samtakanna. Einkenni, sem gjarnan eru nefnd, eru almenn einkenni sem gefa til kynna vanlíðan barna. Ástæðurnar þar að baki geta verið margvíslegar og þurfa ekki að tengjast heimilisofbeldi á nokkurn hátt. Það þarf að fara nýjar leiðir til að finna og aðstoða börn, sem eru vitni að heimilisofbeldi.

Allt ofbeldi á heimili hefur afleiðingar fyrir börn, en það er einstaklingsbundið hvernig þau láta vanlíðan sína í ljós. Börn, sem búa á ofbeldisheimilum, eiga það hins vegar sameiginlegt að þau búa við mikið óöryggi og ringulreið og hafa enga stjórn á aðstæðum. Börnin hafa ekki þroska til þess að skilja það sem á gengur og eiga fá ráð við því sem er að gerast á heimilinu. Það setur þau í erfiðar aðstæður og veldur kvíða og ótta. Í sumum tilvikum verða börnin einnig fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu foreldra. Þessi lífsreynsla fylgir þeim og hætta er á að úr verði langvinnir erfiðleikar ef fullorðnir í nánasta umhverfi grípa ekki inn í. Afar mikilvægt er að rætt sé við börn, sem búa á heimilum þar sem ofbeldi á sér stað, hlustað sé á þau og líðan þeirra metin á markvissan hátt svo hægt sé að veita þeim viðeigandi aðstoð og stuðning. Hinir fullorðnu verða að horfa á ofbeldið með augum barnsins. Það sem fullorðnum getur þótt lítilvægt, t.d. ef ofbeldið gerist sjaldan eða er ekki „nógu alvarlegt“, getur haft gríðarleg áhrif á barnið.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fylgt rannsókn sinni eftir með fundum með stjórnvöldum og forsvarsmönnum stofnanna og samtaka sem starfa að málefnum barna. Einnig afhentu samtökin velferðarráðherra og borgarstjóranum í Reykjavík undirskriftir nær tólf þúsunda karla og kvenna sem skoruðu á stjórnvöld að tryggja börnum, sem eru vitni að heimilisofbeldi, stuðning og félagsleg úrræði við hæfi. Það er von samtakanna að augu samfélagsins opnast fyrir því böli sem heimilisofbeldi er og þeim miklu áhrifum sem það hefur á börn.

## „Æ, hann er bara skotinn í þér“



### **Hugrún R. Hjaltadóttir - sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu**

Hver þekkir ekki þennan gamla frasa? Ég get sjálf ekki talið á fingrum annarrar handar hversu oft þetta var sagt við mig sem barn. Þegar ég heyrði þessi orð út undan mér á leikskólalóð fyrir stuttu tók hjartað í mér kipp og sú hugsun læddist að mér að í raun lýsir þessi setning og viðhorfin sem hún vel þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir þegar kemur að ofbeldi karla gegn konum.


Frasinn „Æ, hann er bara skotinn í þér“ endurspeglar sérkennilega sýn á samskipti kynjanna og sendir stelpum og stráku ákveðin skilaboð sem vert er að skoða betur. Frasinn felur í sér þau skilaboð að stelpur eiga ekki að kippa sér upp við stríðni strákanna og kvarta undan framkomu þeirra. Þvert á móti eiga þær að vera þakklátar fyrir þá athygli sem þær fá. Þetta leiðir óneitanlega til þess að grafa undan sjálfstrausti stelpna og getu þeirra til þess að setja mörk í samskiptum við aðra. Skilaboðin sem strákarnir fá eru engu skárri. Þeir læra að þeir þurfa ekki að virða þau mörk sem stelpur setja þeim í samskiptum og það sé í lagi að haga sér hvernig sem er til að fá athygli. Það hefur ekkert með það að gera hvort strákarnir séu skotinn í stelpunum í raun eða ekki, það skiptir ekki máli. Þeir fá hinsvegar þau skilaboð að þetta sé eðlileg og árangursrík leið til að fanga athygli stúlkna.

Eru þetta skilaboðin sem við viljum senda börnunum okkar? Hvernig samskipti viljum við að börnin okkar tileinki sér? Ég geri mér grein fyrir því að markmið þeirra sem nota frasann eru ekki úthugsuð og yfirleitt eru þau sögð í hálfkæringi, uppgjöf eða gríni. Skilaboðin sem þau senda er þó alltaf hin sömu.

Aðstæðurnar sem kalla fram þennan gamla frasa eru í raun fullkomið tækifæri til að kenna börnum samskipti sem byggjast á gagnkvæmri virðingu. Sýnum stelpunum að þær eiga rétt á því að setja öðrum mörk og að það sé hlustað á þær ef þeim finnst gengið á rétt sinn og þurfa aðstoð. Kennum strákunum að biðjast afsökunar og leiðbeinum þeim við að finna aðrar leiðir til að eiga frumkvæði að samskiptum. Að læra samskipti sem einkennast af virðingu er flókið ferli sem krefst mikillar vinnu

bæði af hálfu barnanna sjálfra og allra þeirra sem koma að uppeldi þeirra, hvort sem það eru foreldrar eða fagfólk. Þetta rötgróna viðhorf sem ég hef lýst hér vinnur gegn því að okkur takist að ala upp sjálfstæða einstaklinga sem eru öruggir í samskiptum við annað fólk, líka við fólk sem það hrífst af. Setningin „Æ, hann er bara skotinn í þér“ er ein birtingarmynd menningarbundins vanda sem við verðum að vera meðvituð um og vinna markvisst gegn til að tryggja gagnkvæma virðingu í samskiptum kynjanna sem þau taka með sér inn í fullorðinsárin.

## Fræðsla um heimilisofbeldi nauðsynleg



### ***Baldur Stefánsson, Brynjar Árnason, Jóhannes Guðmundsson, nemendur í Verkmenntaskólanum á Akureyri.***

Við erum þrír strákar um tvítugt og hugtök eins og heimilisofbeldi er eitthvað sem við höfum ekki orðið varir við í okkar daglega lífi. Það eina sem við höfum séð af heimilisofbeldi er í sjónvarpi og raunveruleikapáttum sem eru þessu tengdir. Í þessum páttum sjáum við að þolandinn kennir sjálfum sér um og þorir ekki að yfirgefa heimilið eða leita sér hjálpar útaf hræðslu við gerandann. Þeir sem verða fyrir ofbeldinu verða svo skaddaðir andlega að þeir fara virkilega að kenna sér um ofbeldið. Gerandinn ásakar fórnarlambið um fáránlegustu hluti og refsar því fyrir það, rétt eins og að skilja eftir ósamanbrotið teppi í sófanum eða óhreint glas á borðinu. Sumir þolendur eru svo illa farnir andlega að þeir reyna að gera eitthvað af sér til þess að klára það frá að vera barin, þá kemur tilfinning sem er einskonar léttir fyrir þolandann yfir því að vera búinn að klára refsinguna frá þennan daginn eða þessa vikuna. Fyrir gerandann verður þetta því eins konar fíkn í sumum tilfellum, einskonar skapsveiflur sem koma reglulega fram, svona er þetta í sjónvarpinu.

Við erum kannski ungir ennþá en við áttum okkur samt á því hversu hræðilegar afleiðingar heimilisofbeldis geta verið, ekki aðeins fyrir fullorðna heldur einnig börnin á heimilinu. Afleiðingar fyrir börnin geta verið misjafnar og oft á tíðum mjög alvarlegar. Börnin geta bælt

inni í sér tilfinningarnar og ofbeldið getur haft mikil áhrif á félagslega færni, einnig getur þetta haft slæm áhrif þegar þau verða eldri og fara sjálf að leita í sambönd. Í sumum tilfellum eiga þau erfitt með að gera sér rétta mynd af eðlilegu sambandi.

Við þekkjum kannski engan sem orðið hefur fyrir heimilisofbeldi, eða heyrum ekki mikið af því, en við vitum að það er eitthvað sem við og fleiri mættu vera opnari fyrir í samfélaginu. Það er oft talað um andlegt og svo líkamlegt heimilisofbeldi, að ofbeldið sé oft dulið og ekki öllum sýnilegt þess vegna erum við sammála um að það eigi að vera til betri aðstaða til þess að taka á móti fórnarlömbum í samfélaginu þar sem þeim er veitt hjálp. Það á að taka hart á ofbeldismönnum en jafnframt bjóða þeim þá sálfræðilegu hjálp sem þeir þurfa.

Fólk verður að gera sér grein fyrir að allt heimilisofbeldi er mjög alvarlegt, hvort sem það er andlegt eða líkamlegt. Það verður að tala opinskátt um allt ofbeldi en ekki bara allra alvarlegustu tilvikin þar sem fórnarlambið þarf að leita sér aðstoðar vegna mjög slæmra áverka útaf ofbeldi.

Hvað ef það væri hægt að koma í veg fyrir ofbeldi með meiri fræðslu í t.d. grunnskólum og framhaldsskólum? Okkur finnst fræðsla á þessum stigum allt of lítil, fræðslan á að hvetja fólk á öllum aldri til að hafa opin augu fyrir ummerkjum ofbeldis. Ekki bara á eigin heimili heldur einnig hjá kunningjum og vinum. Með forvörnum og opinni umræðu um að heimilisofbeldi sé staðreynd, þá opnar fólk augun og með því vonum við að fólk sé opið fyrir því að láta öllum líða vel í sameiningu á íslenskum heimilum í framtíðinni.

## „Ég er hjá Strawberries“



### ***Fríða Rós Valdimarsdóttir – mannfræðingur og ritari Kvenréttindafélags Íslands***

Síðasta sumar var ég á ferð með strætó. Í vagninum voru um tíu manns og fyrir framan mig sat ellefu ára strákur. Þegar við keyrðum framhjá Ráðhúsi Reykjavíkur og beygðum inn á Lækjargötu hringdi sími stráksins. Strákurinn svaraði og sagði svo hátt og snjallt, með hálfgerðum sakleysissvip: „Ég er hjá Strawberries“. Ég vissi ekki hvort ég ætti að byrja að gráta eða hlæja. Það fer svo sem ekki framhjá neinum framhliðin á strippstaðnum Strawberries. Stórt jarðaber sleikt af risatungu fyllir glugga staðarins. Nemendur Menntaskólans í Reykjavík stara beint á þetta þegar þeir ganga út úr skólanum sínum. Og þessi ellefu ára nefndi ekki Lækjargötu, Lækjartorg, miðbæinn, MR eða tjörnina þegar hann þurfti að staðsetja sig í miðborginni. Nei, það virtist vera eðlilegast fyrir ellefu ára strákinn að staðsetja sig út frá strippstað.

Árið 2010 voru sett lög sem banna veitingastöðum að hagnast á nekt starfsmanna sinna. Bannið er ekki sett út í bláinn, heldur byggist á margra ára rannsóknum og reynslu af starfsemi slíkra staða. Reynsla héraendis og erlendis bendir til þess að strippstaðir stuðli ekki aðeins að hvers kyns misnotkun á bágrri stöðu fólks heldur séu þeir einnig gróðrarstía mansals.

Alþjóðleg barátta gegn verslun með fólk hefur átt sér stað um áratuga skeið. Árið 2000 urðu nokkur þáttaskil þegar samþykkt var ítarleg bókun við samning Sameinuðu þjóðanna með það að markmiði að berjast gegn mansali með sérstakri áherslu á konur og börn, en konur og börn eru yfirgnæfandi meirihluti polenda mansals í heiminum. Bókunin, sem gengur undir nafninu Palermóbókunin, er talin marka stórt spor vegna þess hve gagnleg hún hefur reynst sem verkfæri til að uppræta mannréttindabrot.

Á síðasta ári féll í fyrsta skipti hér á landi dómur í mansalsmáli og var það mál hrottalegt í alla staði. Þó er óvarlegt að miða mansal eingöngu við svo þrönga birtingarmynd. Það þarf ekki hlekkir eða aðrar sýnilegar líkamlegar hömlur til að halda þolanda í heljargreipum og ánauð mansals. Þolendur mansals eru oftast frjalsir ferða sinna í daglegu lífi þó að einhverjum sé haldið einangruðum.

Aðgerðaráætlun félagsmálaráðuneytisins sem kynnt var í mars 2009 skilgreinir mansal sem að „útvega fólk, flytja það eða færa til, halda því eða taka við því í því skyni að notfæra sér það og það er gert með hótunum, valdbeitingu eða annars konar nauðung“. Fólk er flutt mansali til að anna eftirspurn eftir þjónustu eða þörfum, án þess að tekið sé tillit til mannréttinda viðkomandi. Til að hámarka ágóða þeirra sem stunda mansal er öllum brögðum beitt. Mansal er ekki útlenskt vandamál heldur fyrirfinnst það einnig hér á Íslandi. Ein skýrsla hefur verið unnin um umfang mansals hér á landi, „Líka á Íslandi: rannsókn á eðli og umfangi mansals“ og hægt er að lesa hana í heild sinni á heimasíðu Rauða Kross Íslands [http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross32.woa/swdocument/1040637/mansals\\_skyrsla.pdf](http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross32.woa/swdocument/1040637/mansals_skyrsla.pdf).

Síðan Alþingi setti strippstaðabannið hefur Ísland ítrekað fengið hrós í erlendum fjölmiðlum vegna þess hugrekkis sem stjórnvöld sýndu með að ganga skrefi lengra en önnur lönd í baráttunni við mansal. Nú eru jafnvel teikn á lofti um að önnur ríki muni feta í okkar fótspor og farið er að tala um „íslensku leiðina“.

Margt bendir þó til að lögreglu takist ekki sem skyldi að vinna gegn strippstöðum. Ef löggæslan væri að sinna slíkri skyldu sinni myndi barn ekki þurfa að styðjast við jarðaberjastaðinn sem kennileiti í miðborg Reykjavíkur. Ég vona að næst þegar þessi strákur lendir í sömu aðstæðum að hann muni frekar horfa fram fyrir sig og segjast vera alveg að koma að Lækjartorgi.



## Haga hetjur sér karlmannlega?



### *Inga Dóra Pétursdóttir - Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi*

Stórhuga baráttufólk fagnaði á ráðstefnu í Mexíkó árið 1975. Ástæðan var sú að leiðtogar heimsins féllust á kröfur þess að vinna markvisst að því að auka jafnrétti kynjanna. Til þess að sýna viljann í verki var komið á fót sérstofnun innan Sameinuðu þjóðanna; UNIFEM, sem átti að vinna að þessu markmiði. Þau voru stórhuga og bjartsýn. UNIFEM voru gefin tíu ár til þess að eyða kynbundnu misrétti. Árið 1985 var markmiðinu þó ekki náð.

Þrjátíu og fimm árum síðar var aftur fagnað. Ástæðan var sú að ráðamenn heimsins urðu við kröfum baráttufólks um allan heim um að setja á fót fjárhagslega sterka stofnun innan SP sem hefði það hlutverk að uppræta kynjamismunun um heim allan; UN Women. Krafan kom þó ekki til af því að ekkert hefði áunnist með starfi UNIFEM. Reyndar er árangur UNIFEM nánast ótrúlegur. Sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að Sameinuðu þjóðirnar settu aðeins 1 prósent af heildar fjármagni sínu í að leiðrétta árhundraða mismunun kynjanna. Eitt prósent.

En peningar eru ekki allt, þó að þeir skipti máli. Í gegnum tíðina hafa ótal margar hetjur hætt lífi sínu í baráttu fyrir því sem við lítum á í dag sem sjálfsögð mannréttindi. Öll vitum við hvaða áhrif Susan B. Anthony, Rosa Parks, Aung San Suu Kyi og Wangari Maathai hafa haft. Færri þekkja sögu Mirabel systranna frá Dóminíska lýðveldinu. Systurnar fjórar voru fremstar í fylkingu í baráttu gegn einræðisherranum Rafaelo Trujillo sem stjórnaði landinu með harðri hendi í þrjá áratugi. Þrátt fyrir pyntingar og fangelsisvistir héldu systurnar baráttunni ótrauðar áfram þar til Minerva, Patricia og Antonia voru myrtar á hrottafullan hátt þann 25. nóvember 1960. Belgica systir þeirra lifði árásina af og heldur minningu þeirra systra á lofti. Árlegt sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi er haldið alþjóðlega á dánardegi systranna.

Þær eru mun fleiri kvenhetjurnar sem við fáum sjaldnast fregnir af. Dr. Hawa Abdi stóð keik fyrir framan ógnandi uppreisnarmenn á griðarstað fyrir konur og börn sem hún starfrækir í heimalandi sínu Sómalíu sem talið er eitt hættulegasta land í heimi. Uppreisnarmennirnir hörfuðu. Stuttu áður var Aisha Ibrahim, 13 ára samlandi hennar, grýtt til bana. Aftakan var hegning fyrir að hafa verið nauðgað af þremur mönnum. Chhaen býr í Kambódíu og á fjögur börn. Hún er afmynduð í andliti og á líkama eftir að svili hennar kastaði á hana sýru.

Ástæðan? Hún hótaði að kæra hann til lögreglu fyrir að hafa selt sína eigin dóttur. Í dag berst Chhaen ásamt öðrum fórnarlömbum sýruárása fyrir þyngri refsingum fyrir slíka glæpi. Annað dæmi: Í Brasilíu er nú hart tekið á heimilisofbeldi fyrir tilstilli 20 ára baráttu Maríu de Penha. Fyrirverandi eiginmaður hennar beitti hana ofbeldi í áraraðir og hún er lömuð fyrir neðan mitti eftir skotárás hans. María barðist við dómskerfið í tuttugu ár til að fá hann dæmdan. Það tókst, þótt hann hafi einungis fengið tveggja ára dóm. En vegna óbilandi baráttu Maríu geta konur, sem verða fyrir ofbeldi eiginmanns, nú leitað réttar síns í Brasilíu.

Ofangreindar konur eru allar hetjur. Á íslensku er orðið hetja kvenkyns og það er kynlega öfugsnúið að samkvæmt orðabók er hetja skilgreind sem „kappi, hraustmenni“. Merking þess að „bera sig hetjulega“ er sögð sú að haga sér „karlmannlega“. Rosa Parks, Aung San Suu Kyi, Minerva systurnar, Dr. Hawa Abdi, Aisha Ibrahim, Chhaen og Maria de Penha eru allar hetjur sem hafa barist gegn kúgun og ofbeldi karla. Þær eru hetjur – en ekki í merkingunni að þær beri sig karlmannlega eða að þær séu kappar. Þessar konur, ásamt þeim hundruð þúsundum kvenna sem hætta lífi sínu í baráttu fyrir réttindum sínum á hverjum degi eru (án nokkurs kynlegs öfugsnúnings) sannar hetjur, konur afreksdádáða.

Ef þú hefur stundum velt fyrir þér hvernig þú getir lagt þitt af mörkum til að skapa réttlátari heim þá er nú tækifæri til að koma þeim hugleiðingum í framkvæmd. Með því að hlusta á reynslusögur kvenna, miðla þeim áfram, fara í kröfugöngur og skrifa greinar getum við þrýst á stjórnvöld og vakið athygli á því að við líðum ekki lengur að málefni kvenna séu sett neðst á forgangslista þeirra. Ríkisstjórnir heimsins hafa stofnað UN Women og ljáð okkur með því tækifæri til að láta til okkar taka. Nýtum þetta tækifæri! Starfsfólk UN Women, grasrótarsamtök, kvennahreyfingar, friðarhreyfingar og mannréttindasamtök eru sem fyrr vopnuð kjarki, hugsjón og ástríðu til að leggja sitt af mörkum til baráttunnar. Hvað með þig?

## Varúð! – ég elska þig



### ***Sigprúður Guðmundsdóttir - Framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf***

Við konur erum aldar upp við ýmis konar leiðbeiningar um hegðun sem á að draga úr líkunum á því að karlar beiti okkur ofbeldi. Við eigum sérstaklega að passa okkur utandyra og á ókunnugum stöðum, ekki vera einar á ferli eftir að skyggja tekur en heldur ekki þiggja fylgd ókunnugs manns. Við skulum forðast að klæða okkur á þann hátt að það gæti misskilist sem auglýsing eftir kynferðislegri athygli og kynlífi, ekki vera of drukknað innan um annað fólk, ekki kærulausar, ekki daðra við menn og gefa í skyn að við séum með kynlíf í huga ef við erum það ekki og alls ekki skipta um skoðun á því hvort við séum með kynlíf í huga hafi það verið raunin. Með þessum ráðleggingum er sjálfsagt ekki meðvitað verið að segja okkur að beiti einhver okkur ofbeldi við einhverjar af ofangreindum aðstæðum þá getum við sjálfum okkur um kennt. Staðreyndin er samt sú að séum við beittar ofbeldi við einhverjar af ofangreindum aðstæðum þá kennum við okkur sjálfum okkur um. Þannig er það bara, skömmin og sektarkennd sem fylgja kynbundnu ofbeldi sitja hjá brotapolunum í stað sjálfsagðar og réttlátrar reiði. Líka núna árið 2011 þegar við ættum að vera komin svo miklu lengra.

Nýleg íslensk rannsókn sýnir að 42% íslenskra kvenna hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi og/eða kynferðisofbeldi einhvern tíma á fullorðinsárum. Þarna er andlegt ofbeldi undanskilið sem og ofbeldi sem konurnar urðu fyrir í barnæsku. 42% kvenna á Íslandi eru á bilinu 44-49 þúsund konur, sem er í það minnsta jafn margar og allar fullorðnar konur í Reykjavík og álíka margar og allir íbúar Kópavogs, Seltjarnarness og Garðabæjar samanlagt. Það eru býsna margar manneskjur. Sama rannsókn leiðir í ljós að rúmlega 22% svarenda hafði verið beitt líkamlegu ofbeldi og/eða kynferðisofbeldi af maka sínum eða fyrrverandi maka. Það jafngildir 23 - 27 þúsund konum á Íslandi, sem er álíka fjöldi og allir íbúar

Hafnarfjarðar sem eru líka býsna margar manneskjur. Sem sagt; meira en helmingur kvenna sem höfðu verið beittar ofbeldi höfðu upplifað það af hendi maka eða fyrrverandi maka og ofbeldið hefur líklega í flestum tilfellum átt sér stað heima hjá brotþola, á venjulegu, íslensku heimili en ekki í dimmu húsasundi eða subbulegu partýi. Árlega koma 300-400 konur í Kvennaathvarfið og langflestar þeirra koma vegna ofbeldis af hendi maka eða fyrrverandi maka, kærasta, barnsföður eða annars nákomins. Sömu sögu segja þau sem leita til Stígamóta vegna kynferðisofbeldis, þar er ofbeldismaðurinn í flestum tilfellum einhver nákominn.

Ef við ætlum að halda áfram að setja ábyrgð á kynbundnu ofbeldi yfir á brotþola ættum við því að leggja minni áherslu á það að konur séu ekki að þvælast einar úti en meiri á það að konur séu ekki að þvælast heima hjá sér. Klifa á því að mesta hættan felist ekki endilega í því að ganga heim til sín á dimmu kvöldi heldur í því að koma heim og vera heima með mannum sínum. Jafnframt ættum að hætta að vara konur við skyndikynnum og stefnumótum við ókunnuga menn en vara þær frekar við að verða ástfangnar, að stofna til sambands við þann sem þær elska og ganga í hjónaband. Þessar leiðbeiningar eru auðvitað bara bull og ef við ætlum að koma í veg fyrir ofbeldi þá verðum við að beina sjónum að þeim sem beita því. Við verðum að koma ábyrgðinni þangað sem hún á heima og skapa umræðu meðal mögulegra geranda um afleiðingar ofbeldis. Jafnframt verður sú umræða að snúast um réttindi fólks til friðhelgi heima hjá sér og á almannafæri. Sem og um rétt okkar allra til að taka ákvarðanir um eigið líf og ráða yfir eigin líkama og tilfinningum. Jafnframt þarf að vekja athygli á þeirri aðstoð sem ofbeldismönnum, sem vilja breyta hegðun sinni, stendur til boða. Kynbundið ofbeldi er samfélagslegt vandamál sem kemur okkur öllum við og við verðum að vera meðvituð um mikilvægi þess að taka afstöðu gegn ofbeldi, standa með brotþolum og koma til hjálpar þegar þess gerist þörf.

## „Segðu frá“



***Sigrún Sigurðardóttir - doktorsnemi í lýðheilsuvísindum - Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi  
www.ofbeldi.is***

Heilsufar okkar og heilsufarsleg vandamál geta sagt mikla sögu, sögu um það sem við höfum upplifað á lífsleiðinni og það sem markað hefur spor í tilfinningar okkar og heilsufar. Rekja má marga sjúkdóma og heilsufarsleg vandamál til fyrri sálrænna áfalla eða erfiðleika í lífinu, áfalla eins og ofbeldis. Þessi saga okkar getur verið sérstaklega mikilvæg ef erfið lífsreynsla er bæld niður í mörg ár, jafnvel margra áratugi, ekki sagt frá og ekki unnið úr þeim tilfinningum sem geymdar eru innra. Þá tekur líkaminn að sér að „segja frá“ með því að þróa alls konar einkenni út frá sársaukafullu reynslunni og bældu minningunum.

### „Líkaminn kvartar“

Til að skilja betur hvað gerist í líkamanum þegar erfiðleikar og áföll eins og ofbeldi dynja yfir getum við hugsað okkur barn sem verður fyrir alvarlegu sálrænu áfalli eins og kynferðislegu ofbeldi, einelti, býr við heimilisofbeldi eða óreglu. Barnið getur ekki rætt um þetta við neinn, treystir engum, byrgir því inni mikinn ótta, vanmáttarkennd, skömm, sjálfásökun og reiði. Þar með er vandamála snjóboltinn byrjaður að rúlla og ef ekki er gripið inn í stækkar hann bara. Barnið hættir að geta sofið um nætur út af áhyggjum og til að vera á varðbergi gagnvart ofbeldinu, og kvíðir því að takast á við nýjan dag. Við vitum hvað gerist ef við fáum ekki svefninn okkar, við verðum úrvinda, líkaminn verður stöðugt á varðbergi, í viðbragðsstöðu, stífnar upp og nær ekki að hvílast. Ef allir vöðvar eru í stöðugri spennu og ná ekki að hvílast fáum við vöðvabólgu og útbreidda verki. Oft fylgir einnig kvíði, depurð og jafnvel þunglyndi. Viðbragðskerfi líkamans nær ekki að slaka á og líkaminn þolir ekki slíkt til langs tíma, hann fer að „kvarta“. Álagið til langs tíma fer að hafa áhrif á hjarta- og æðakerfi, meltingarfæri, stoðkerfi, hormónastarfsemi sem hefur síðan áhrif á öll önnur kerfi líkamans.

Ofbeldi getur valdið mikilli streitu til langs tíma og nú er það vitað að streita veikir ónæmiskerfið og gerir okkur berskjölduð fyrir alls kyns sjúkdómum. Oft koma afleiðingar og einkenni ekki fram fyrr en mörgum árum eða áratugum seinna og fólk er jafnvel með einkenni áfallastreituröskunar án þess að fá viðeigandi meðhöndlun við slíku.

Einstaklingar með síka sögu eru oft með mjög brotna sjálfsmynd sem hefur áhrif á allt líf þeirra ef þeir fá ekki aðstoð. Barn sem verður til dæmis fyrir miklu einelti hlýtur oft af því brotna sjálfsmynd og einangrun sem gerir það auðsæranlegt og berskjaldað gagnvart endurteknum áföllum eins og t.d. kynferðislegu ofbeldi, því barn sem er með brotna sjálfsmynd, á enga vini og hefur engan til að tala við er mjög ákjósanlegt fórnarlamb barnaníðinga. Við erum ein heild, líkami, hugur, tilfinningar og sál. Það sem brýtur niður sálina brýtur líka niður líkamann og öfugt, við verðum því að líta á okkur heildrænt.

### **„Berum ábyrgð“**

Við megum því ekki líta undan og láta eins og okkur komi ofbeldi ekki við því okkur kemur það við. Einstaklingar sem fá ekki tækifæri til að segja frá vegna þess að enginn er til að hlusta, geta haft áhrif á allt samfélagið með heilsufarsvandamálum, hegðunarvandamálum, áfengisneyslu, fíkniefnaneyslu, afbrotum, sjálfskaðandi hegðun og það sem er alvarlegast að lokum, með sjálfsvígum. Slíkir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum með að tengjast börnum sínum og maka sem getur leitt af sér fleiri brotna einstaklinga og þannig heldur það áfram. Hvernig getum við litið undan? Við verðum að opna augu okkar, við verðum að brjóta upp keðjuna því annars heldur þetta áfram, kynslóð fram af kynslóð og þetta er ekki einkamál þolandans, við berum öll ábyrgð með afneitun og þögn.

Ég verð líka oft alveg rosaleg þreytt á allri umræðunni í þjóðfélaginu um ofbeldi, klingjandi í fjölmiðlum daginn út og daginn inn, fréttir um ofbeldi hér og þar, annað væri óeðlilegt, auðvitað verður fólk þreytt á þessu. En þó svo að við fáum stundum nóg verðum við að gæta að því hvernig við bregðumst við umræðunni. Ef við sitjum heima í stofu og fustum og svei um yfir endalausum fréttum af ofbeldi og börnin okkar sitja fyrir framan okkur og hlusta á okkur, eru mjög litlar líkur á að þau komi til með að leita til okkar ef þau verða fyrir ofbeldi. Þau hafa þá fengið þau skilaboð frá okkur að við séum komin með nóg af allri þessari umræðu um ofbeldi. Það er nógu erfitt fyrir barn að þurfa að burðast með þær erfiðu tilfinningar sem fylgja því að verða fyrir ofbeldi, þau vilja ekki líka láta okkur líða illa ef við bregðumst þannig við umræðunni. Það minnkar ekki afleiðingar ofbeldisins að þegja það í hel, einstaklingurinn sem fyrir því verður situr samt sem áður uppi með skaðann. Hjálpum þeim sem eru fastir í þögulli þjáningunni. Bæling og afneitun gerir illt verra. SEGÐU FRÁ !

## Ofbeldi karla: 106 – 4 (2009)



### *Tryggvi Hallgrímsson - sérfræðingur á Jafnréttisstofu*

Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, eins og annað ofbeldi, er að mestu framið af körlum. Talið er að um 95% alls ofbeldis í heiminum sé framið af karlmönnum. Hagstofa Íslands segir okkur að árið 2009 afplánuðu 110 einstaklingar á Íslandi refsingu vegna manndrápa, kynferðis- og ofbeldisbrota. Af þeim voru 106 karlar og 4 konur. Tölfræði og staðreyndir tala sínu máli og sýna ólíka stöðu karla og kvenna.

Fullyrðingar á borð við: „Konur eru í eðli sínu ólíkar körlum, þær sýna heldur hluttekningu og umhyggju“, heyrast oft í umræðum um jafnrétti kynjanna. Slíkar staðhæfingar snerta kjarna þeirrar eðlishyggju sem færir okkur einfaldar og stundum grunnhyggna staðalmynd af körlum og konum. Tilbrigði við slíkar staðalmyndir eru síðan notuð til að útskýra ólíka stöðu kynjanna.

Karlar eiga því síður að venjast að eðli þeirra sé notað til að skýra neikvæða hegðun. Þannig er eðli karla gjarnan kennt við eiginleika sem taldir eru eftirsóknarverðir, á borð við – ábyrgð, skynsemi, útsjónarsemi og dirfsku.

Ef við hinsvegar samþykkjum ólíkt eðli kynjanna er ekki fráleitt að leiða líkur að því að karlar séu í eðli sínu, fremur en konur, ofbeldisfullir. Og þegar svo miklu munar á tíðni karla og kvenna meðal afbrotamanna – er því ekki úr vegi að kalla ofbeldisvandamálið karla-vandamál.

Ástæður ofbeldis er meðal annars að finna í gildismati gerenda. Gildismat mótast af ótal ástæðum. Stundum yfir langan tíma. Stundum vegna atviks. Viðbrögð samfélagsins endurspeglar hugmyndir til gerenda og þolenda.

Nýverið birtust fregnir af afganskri konu sem dæmd var til fangelsisvistar vegna þess að henni var nauðgað. Hún gat komist hjá refsingunni ef hún giftist manningum sem nauðgaði henni. Fréttin vakti óhug í mörgum löndum. Ekki síst vegna þess að frásögnin sýndi okkur að kraftur félagslegrar innrætingar getur verið slíkur að samfélagið færir einstaklingum réttlætingu ofbeldis um leið og það fordæmir brotþola. Við þurfum þó ekki að horfa til ofbeldis í fjarlægum löndum til að sjá áhrif hugmynda í samfélaginu endurspeglast í tilvikum ofbeldisbrota.

Markmið jafnréttis laga er að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Því markmiði skal meðal annars náð með vinnu gegn kynbundnu ofbeldi og áreitni. Til þess þarf að vinna markvisst á fjölmörgum sviðum. Vinnan felur í sér fræðslu og samtal um stöðu kynjanna. Slíkt samtal verður að ná lengra en svo að karlar séu álitnir í eðli sínu ofbeldisfullir. Samtalið þarf að fela í sér greiningu á hlutverki og ábyrgð einstaklinga óháð óræðu eðli þeirra.

Hugmyndir ofbeldismanna eru mótaðar af skilaboðum sem undirbyggja réttlætingu ódæðisverka. Ef réttlæting á sér stað í samspili skilaboða samfélagsins og karla, verður að eiga sér stað merkingarbært inngrip í formi upplýsingar og fræðslu. Slíkt inngrip mun ekki skila árangri nema karlar hlusti – og þeir trúir að til séu raunverulegir valkostir við það úrræðaleyfi í samskiptum sem einatt einkennir ofbeldi.



## „Kona sem ekki er lamin er eins og heimili sem ekki er þrifið“



**Anna Stefánsdóttir - formaður Rauða kross Íslands**

Þannig hljóðar gamall málsháttur í Moldovíu sem lýsir aldagömlu viðhorfi til heimilisofbeldis. Landsfélög Rauða krossins í Moldovíu, Hvíta-Rússlandi og fleiri löndum Austur-Evrópu hafa á liðnum árum sett á fót sérstök verkefni sem beinast að því að bæta stöðu kvenna í samfélaginu og koma í veg fyrir að þær verði fórnarlömb ofbeldis eða mansals, ásamt því aðstoða þær sem lent hafa í slíkum aðstæðum við að skapa sér nýtt líf í eigin umhverfi.

Ana Ravenco, moldóvískur aktivisti sem vinnur náið með Alþjóða Rauða krossinum við að uppræta mansal, er ekki í nokkrum vafa um að forsenda þess að koma í veg fyrir kaup og sölu kvenna og barna milli landa sé að uppræta heimilisofbeldi í hverri mynd sem það birtist – hvort sem það er líkamlegt, fjárhagslegt eða sálrænt.

“Þær konur sem eru fjárhagslega sjálfstæðar eiga auðveldara með að forða sér úr ofbeldisfullu umhverfi, og erfiðara er að beita þær kúgun,” sagði Ravenco í viðtali sem birtist í fréttablaði Alþjóða Rauðakrosshreyfingarinnar. “Með því að bæta stöðu þeirra heima fyrir minnkar hættan á að þær verði fórnarlömb mansals.”

“*Heimilisfriður- heimsfriður*” er yfirskrift alþjóðlega 16 daga átaksins gegn kynbundnu ofbeldi sem nú stendur yfir, og Rauði kross Íslands tekur þátt í nú sem endranær. Yfirskriftin bergmálar staðhæfingu Ravenco um að með því að bæta stöðu konunnar heima fyrir batni staða hennar einnig á alþjóðavettvangi, og með því að uppræta heimilisofbeldi sé hægt að stuðla að friði á heimsvísu.

Fátækir íbúar landanna sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum eru í sérstakri hættu á að verða fórnarlömb mansals. Þar sem lífsskilyrði eru nöpur og horfur slæmar lætur ungt fólk freistast af gylliboðum. Vitað er að í efnahagslegum þrengingum eins og nú ríkja á þessum slóðum lenda enn fleiri í klóm misyndismanna og ganga kaupum og sölum.

Talið er að fórnarlömb mansals séu yfir 1.000 á ári í Hvíta-Rússlandi. Árið 2010 hrinti Rauði krossinn þar, með stuðningi Rauða kross Íslands, af stað forvarnarverkefni þar sem ungir sjálfboðaliðar í Gomel-héraði kynna fyrir ungmennum hættur mansals. Einnig fá fórnarlömb mansals aðstoð þegar þau koma aftur heim, stundum eftir áralanga ömurlega vist erlendis, og þeim gert kleift að koma undir sig fótunum þrátt fyrir fordóma og dómhörku samfélagsins.

Ungmenni eru frædd um hættuna á mansali með margvíslegum aðferðum. Fjölmiðlar eru hvattir til að fjalla um málið, hringborðsumræður haldnar, efnt til vitundarvakningar í skólum, veggspjöldum dreift og margvíslegar uppákomur nýttar til að ná til ungs fólks sem er í mestri hættu.

Þolendur mansals fá við heimkomu sálrænan stuðning, aðgang að lögfræðiaðstoð og beina hjálp til að koma undir sig fótunum á ný. Þá eru skipulagðir sjálfshjálparhópar þolenda, til að þeir geti notið styrks hver af öðrum.

Verkefnið er kostað af íslenskum stjórnvöldum til þriggja ára, samkvæmt samstarfsyfirlýsingu sem Rauði krossinn og utanríkisráðuneytið gerðu snemma árs 2010. Með þessu verkefni leggja Íslendingar sitt að mörkum til að styðja við fórnarlömb mansals, og taka þátt í að breyta gömlum viðhorfum um kúgun og ofbeldi gagnvart konum og börnum.